

**Nr. 18-039 S 025 Lóðsinn*****Annað atvik***

Skipaskr.nr. 2273  
 Smíðaður: Vestmanneyjum 1998, stál  
 Útgerð: Vestmanneyjarhöfn.  
 Stærð: 147,60 brl. 156,0 bt.  
 Mesta lengd: 24,22 m Skráð lengd: 22,50 m  
 Breidd: 7,33 m Dýpt: 3,95 m  
 Vél: Mitsubitshi, 1492 kw, 1997  
 Fjöldi skipverja: 5



Lóðsinn © Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 7. desember 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli..*

**Atvikalýsing:**

Þann 15. mars 2018 var dráttarbáturinn Lóðsinn frá Vestmannaeyjum að aðstoða vélarvana flutningaskip til hafnarinnar. Veður: A 10-15 m/sek.

Þann 14. mars hafði borist ósk um aðstoð frá flutningaskipinu Wilson Harrier (*IMO 9064891*) þar sem það var vélarvana um 18 sml. SA af Vestmannaeyjum. Lóðsinn fór til móts við skipið og ætlaði að draga það til hafnar í Eyjum. Vegna veðurs var ákveðið að leggja skipinu norðan við Eiðið þar til veður skánaði þar sem ekki þótti öruggt að taka skipið inn til hafnarinnar. Veður var þá A 15-20 m/sek. og töluverður sjór. Var skipinu lagt þar við akkeri.

Eftir hádegi daginn eftir, þann 15. mars, var farið með tvo viðgerðarmenn um borð en fljótlega kom í ljós að vélarbilunin var alvarlegri og því var ákveðið að draga Wilson Harrier til hafnar í Vestmannaeyjum.

Þegar skipin voru komin að að Klettsnefi átti Lóðsinn í erfiðleikum með að stjórna Wilson Harrier. Miklar vindhviður báru skipið inn á



Wilson Harrier var kominn nálægt landi. (Mynd©Eyjar.net)

Klettsvíkina og mátti litlu muna að það ræki þar upp.

Ákveðið að taka Wilson Harrier á síðu dráttarbátsins og sigla þannig með skipið inn til hafnarinnar. En við þau átök slitnuðu allar taugar í skipið nema einn dráttarvír. Einnig slitnaði blökk sem átti að halda dráttarvírnum stöðugum þannig að allt átakið lenti á vírastýri sem varð til þess að það skemmdist líka.

Það tókst að lokum að koma Wilson Harrier óskemmdu að Nausthamarsbryggju. Fenginn var kafari til að skera dráttartóg sem lent hafði í bakborðs skrúfu Lóðsins.

#### ***Við rannsókn kom fram:***

- að tógin sem slitnuðu voru frá Lóðsinum og fram kom að ástand þeirra hefði verið gott eða u.þ.b. árs gömul;
- að ekki skapaðist hættu á slysum á fólki við þessar aðgerðir;
- að fram kom að svona verkefni væru sjaldgæf og skipið stærra en venja var að aðstoða með þessum hætti þ.e.a.s. einum dráttarbát. Ákveðið var að framvegis yrðu aðgerðir í þessum dúr gerðar með tveimur dráttarbátum;
- að Wilson Harrier, sem skráð var á Barbados, var 91,2 m að lengd og 13,8 m á breidd. Ekki er vitað um ástæður vélarbilunarinnar.

#### ***Nefndarálit:***

Málið hefur skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.